

C Q T F



Ferðbúnir til Otradals:

TF3KX (með lambasteikina í handfarangri), TF3YH,
TF3DC og TF3UA.

(Sjá nánar í grein inni í blaðinu)

Í þessu blaði

1. tbl.
24. árg.
feb. 2006



Frá ritstjóra	2
Frá formanni	3
Fundargerðir stjórnarfunda	4
Meintur 3 dB aukaávinningur vertikals	5
Heimsókn til AF7Y í ágúst 2005	9
Gömul kærasta	10
CobWebb loftnet	12
CQWW CW Þátttaka frá TF4M	13
Keppnismál	16



Viðtakandi:

Í.R.A. er landsfélag Íslenskra Radíóamatöra. ÍRA er hin Íslenska deild í alþjóðasamtökum radíóamatöra I.A.R.U. og I.A.R.U. Region 1 og norrænu samtökunum N.R.A.U.

Helstu markmið félagsins eru:

- Gæta hagsmuna radíóamatöra í hvívetna.
- Efla kynningu og samstarf meðal radíóamatöra innanlands og utan.
- Stuðla að færni félagsmanna og góðum venjum í radíóviðskiptum.
- Hvetja til viðbúnaðar sem mætti gagnast í neyðarfjarskiptum.
- Efla amatörráðið sem leið til sjálfspjálfunar á tæknisviðinu.
- Hvetja til tæknilegra og vísinda legra rannsókna og uppgötvana á sviði radíófjarskipta.
- Órva radíóþróttir meðal radíóamatöra.
- Þróa amatörráðgjöfnustuna sem verðmæta þjóðaraudlind.
- Stuðla að öflugri æskulýðsstarfsemi og kynningu á amatörráði meðal ungs fólks.

Í stjórn ÍRA 2005-2006 eru:

Form: Haraldur Þórðarson TF3HP
Varaform: Þór Þórisson TF3GW
Ritari: Bjarni Sverrisson TF3GB
Gjaldkeri: Ársæll Óskarsson TF3AO
Meðstj.: Sveinn B. Sveinsson TF3SNN
Varam.: Valtýr Einarsson TF3VG
Varam.: Hrafnkell Eiríksson TF3HR

CQ TF er félagsblað ÍRA og kemur út fimm sinnum á ári. Útgefandi er: Íslenskir Radíóamatörar, ÍRA, Pósthólf 1058, 121 Reykjavík. Ritstjóri og ábyrgðarmaður er: Brynjólfur Jónsson TF5BW, Pósthólf 121, 602 Akureyri.

Félagsheimili ÍRA er í þjónustumiðstöð ÍTR að Skeljanesi í Reykjavík og eru fundir þar á hverju fimmtudagskvöldi kl. 20.00.

Talhólf ÍRA hefur verið lagt niður.

Vefsíða ÍRA er á slóðinni:

<http://www.ira.is> og er þar að finna ýmsar upplýsingar um félagið og amatörráðið

Skammstöfunin "CQ" er notuð í fjarskiptum til að tákna "kall til allra stöðva" og "TF" eru einkennisstafir Íslenskra radíóstöðva.

Allir áhugamenn um fjarskipti og radíótækni, sem vilja starfa í samræmi við markmið félagsins geta gerst félagar

Frá ritstjóra

Brynjólfur Jónsson TF5BW



TF5BW

Sælir félagar og gleðilegt nýtt ár og takk fyrir það gamla.

Fyrir nokkrum árum síðan stofnaði ég póstlistann irapostur@yahoo.com fyrir félagi Í.R.A. og þar sem ég stofnaði listann þá gerðist ég sjálfkrafa eigandi að listanum. Ég fékk með mér tvo aðra félagi Í.R.A. sem jafnréttáa meðstjórnendur.

Síðan þessi listi var stofnaður hefur hann verið notaður af stjórn félagsins til að senda út tilkynningar til félagsmanna og af félögum Í.R.A. til að senda póst sín á milli. Nú fyrir stuttu síðan fór stjórn Í.R.A. þess á leit að yfirtaka þennan lista og bera á honum fulla ábyrgð og stjórn. Ég varð að sjálfsögðu við þessari ósk enda algerlega sársaukalaust af minni hálfu og ber nú stjórn Í.R.A. fulla ábyrgð og stjórn á póstlistanum irapostur.

Töluverðar umræður hafa orðið öðruhverju á póstlistanum um að réttast væri að stofna spjallborð á netinu þar sem fram gæti farið stærstur hluti þeirrar umræðu sem fram hefur farið á póstlistanum og hann eftir það notaður frekar fyrir stuttar tilkynningar og fleira í þeim dúr. Lengi vel var ég nokkuð efins um að þetta yrði til bóta en hef þó sannfærst um að svo sé. Á svona spjallborði er betra að fylgjast með umræðum um hin ýmsu málefni og þar er oft einnig hægt að setja inn myndir og jafnvel skrár sem fylgihluti og ýmislegt fleira í þessum dúr. Nú ég tók mig til og stofnaði eitt slíkt spjallborð í tilraunaskyni undir merki og í nafni Í.R.A. og fann stað þar sem hægt var að hafa borðið nánast alfarið á íslensku en einn galli var þó á að þetta var frekar hægvirkt. Þar sem þetta var frí þjónusta var þetta fjármagnað með auglýsingum og að ég tel gerðu þær þetta hægvirkt. Það varð síðan að samkomulagi að stjórn Í.R.A. tæki yfir þetta spjallborð um leið og póstlistann en því miður gekk það ekki eftir vegna þess að ekki var hægt að skipta um eiganda á borðinu með nokkru móti. Lét ég tilsjónarmann Í.R.A. með þessum málum vita af þessu og lokaði borðinu. Ég geri því fastlega ráð fyrir því að stjórnin stofni svona spjallborð sem fyrst í eigin nafni fyrir félagi Í.R.A. enda yrði það til mikilla bóta fyrir umræður um áhugamálið.

73 de TF5BW

CQ TF febrúar 2006

Frá formanni

Haraldur Þórðarson TF3HP



TF3HP

Gott ár er liðið og upprunnið afmælisár en 14 águst eru 60 ár liðin frá stofnun Í.R.A.

Stofnfundurinn var haldinn hér í Reykjavík og einhversstaðar

las ég að stofnfélagar hafi verið hátt í 300 manns.

Fyrsti formaður var Einar Pálsson verkfræðingur hjá Landssímanum, hann fékk skírteini nr. 1. Einar var síðar gerður að heiðursfélagi

Eins og gengur var ekki auðvelt að halda félaginu gangandi og lognaðist það útaf að minnsta kosti tvisvar fram til ársins 1964. Síðan hefur það alltaf verið starfandi þó með misjöfnum krafti.

Hvað á svo að gera til þess að halda upp á afmælið? Lögð var fram sú tillaga að félagsmönnum væri frjálst að nota kallmerkið TF60XX á afmælisárinu og jafnvel að gert væri nýtt “AVARD” en þessi hugmynd verður frekar rædd nú á næstunni. Ennfremur var ákveðið að kaupa nýjan endurvarpa fyrir Reykjavíkursvæðið. Kannski mætti kalla hann Einar í höfuðið á Einari Pálssyni.

Fyrir á tímum var það skylda amatöra að vera meðlimir í Í.R.A en upp úr 1972 var þeirri kvöð aflétt en amatörum í sjálfsvald sett hvort þeir væru áfram með félagsaðild. Hversu virði er

íslenskum amatörum að vera í Í.R.A.? Ég held að þessu hafi menn svarað sjálfir nú á undanförunum árum enda hefur nýjum félögum fjölgað nokkuð þótt hægt fari. Félagsmenn mættu vera öflugri við að mæta á félagsfundum. Á síðasta almennum félagsfundum mættu innan við 15 manns sem verður að teljast nokkuð slátt.

Eitt er það sem nú þarf að gerast flótt og það er að hefja öflugt kynningarstarf á félaginu og eru allar tillögur vel þagnar um það hvernig það mætti gerast.

Bráðlega verður hafist handa við að koma gervihnattaloftnetunum upp á sinn stað en allur búnaður er nú í húsi og ætti ekkert nema slæmt veður að koma í veg fyrir þá vinnu. Eitt málefni var það sem kom upp á félagsfundinum var hvort við hjá Í.R.A gætum ekki tekið að okkur IARU ráðstefnuna sem verður eftir 6 ár. Það er mitt álit að við ættum alveg fyllilega að ráða við þetta verkefni.

Fljótlega ætti að fara í gang undirbúnings vinnu varðandi þetta og einnig kynning meðal norrænu félaganna en ég held að við þurfum að tryggja þeirra stuðning áður en við förum út í þetta verkefni.

73 Haraldur Þórðarson TF3HP

Fundargerðir stjórnarfunda

Bjarni Sverrisson TF3GB



TF3GB

Stjórnarfundur 02.06. '05, loftnetamál og útgáfu afmælisblaðs. kl. 19.00. Mættir eru Fundi slitið kl. 2000. TF3HP, TF3GW, TF3GB, TF3AO, TF3SNN, TF3VG, TF3HR.

TF3GB ritari

Fyrsta mál á dagskrá var nýkjörin stjórn skipti með

sér verkum sem hér segir:

Formaður TF3HP Haraldur Þórðarson

Varaform. TF3GW Þór Þórisson

Ritari TF3GB Bjarni Sverrisson

Gjaldk. TF3AO Ársæll Óskarsson

Meðstj. TF3SNN Sveinn Bragi Sveinsson

Varam. TF3VG Valtýr Einarsson.

Varam. TF3HR Hrafnkell Eiríksson.

Prófnefnd skipa eftirtaldir:

Vilhjálmur Kjartansson TF3DX

Kristinn Andersen TF3KX

Kristján Benediktsson TF3KB

S. Smári Hreinsson TF8SM

Vegna fyrirspurnar félagsins til borgaryfirvalda var upplýst að þau ætluðu ekki að halda sérstaklega uppá alþjóðlega Marconidaginn eða sendingu og móttöku Marconiskeyta á Íslandi.

Þá var fjallað um kvörtun vegna aðalfundarboðs. Einhverjir töldu sig ekki hafa fengið fundarboðið. Ritari upplýsti að fundurinn hefði verið boðaður í fyrsta lagi með tölvupósti á þau tölvupóstfang, sem tiltæk eru úr félagatali. Í öðru lagi bréfflega til þeirra, sem ekki eru með tölvupóstfang í félagatalinu. Í þriðja lagi, til öryggis, var stutt áminning sett á vefspjallið. Ef tölvupóstfang eða heimilisföng eru ekki uppfærð er augljóst að fundarboð og aðrar tilkynningar berast ekki.

Stjórnarfundur ÍRA 03.11. '05. kl.1900

Mættir eru TF3HP, TF3GW, TF3GB, TF3AO, TF3HR, TF3SNN.

Lagt var fram nýtt bandplan fyrir IARU Region 1, sem taka á gildi 01.01. '06.

Ekki var mikil umræða um plaggið sjálft, en lagt til að birta það í heild sinni í CQ-TF. Var það samþykkt.

Framhaldsumræða varð um VHF/UHF mál. Aðallega um efni, sem á vantar og öflun þess. Bíða verður aðeins með uppsetningu vegna veðurs og aðallega ísingar á þaki klúbbhússins.

Stöðvarstjóri upplýsti að líklega væru Sniglarnir fluttir úr herbergi því sem þeir hafa haft til afnota handan gangsins gegnt okkur. Þar sem okkur veitir ekki af plássi var mælt með því að hann spyrðist fyrir um herbergið fyrir okkur hjá umsjónarmanni hússins.

Að lokum var aðeins tæpt á prófamálum. Ákveðið var að spyrjast fyrir hjá P og F hvort fjarvera fulltrúa þeirra frá síðasta prófi, sé það sem koma skal eða aðeins einstakt tilfalli.

Fundi slitið kl 2000.

Ritari TF3GB

Stjórnarfundur 06.10. '05.

Mættir voru TF3HP, TF3GW, TF3AO, TF3GB og TF3SNN.

Fundartími 1900 – 2000.

Að lokum voru stuttar umræður um
4

Framhald á bls. 15
CQ TF febrúar 2006

Meintur 3 dB aukaávinningur vertikal

Vilhjálmur Þór Kjartansson TF3DX



TF3DX

Á allra vitorði

“Allir vita” að vertikal á alleiðandi jörð hefur tvöfaldan ávinning á við tilsvarendi miðju-fæddan tvíþól, þ.e. 3 dB umfram hann. Rökin eru einföld og í sjálfu sér óumdeilanleg. Af

samhverfuástandum er sviðið sem stafar frá vertikalnum nákvæmlega eins og efri helmingur sviðsins frá tvíþólnum lóðréttum. Þá er gert ráð fyrir sama straumi í fæðipunkti beggja loftneta, miðju tvíþólsins og jarðtengingu vertikalins. Vertikalinn sendir ekkert í neðra hálfbrúmið, sem í tilfalli tvíþólsins fær jafn mikið afl og efra hálfbrúmið. Loftnet sem getur gefið sama sviðsstyrk með helmings afli hefur “náttúrulega” ávinninginn 2 (3 dB) í samanburði við viðmiðunarnetið. Eða hvað?

Ísótróp sem viðmiðun

Ísótróp er ímyndað loftnet sem sendir jafnt í allar stefnur rúmsins. Slíkt loftnet er ekki til í reynd, en þar sem það hyglir engri stefnu á kostnað annarrar er það eðlileg viðmiðun fyrir stefnuvirkni, eins konar grunnlína. Það er mjög auðvelt að reikna sviðsstyrkinn frá ísótróp, útsent afl deilist einfaldlega á hvel með sístækkandi flatarmáli eftir því sem fjarlægðin vex. Loftnet gerð úr beinum leiðurum senda ekkert til endanna ef þau eru í tómarúmi, því athugandi sem horfir í endann sér enga straumlengd (ampermetra). Afl sem þangað hefði farið frá ísótróp nýtist því aðrar stefnur. Þannig hefur hálfbylgjutvíþóll ávinninginn 1,64 eða 2,15 dB umfram ísótróp. Ef tvíþóll er nógu stuttur til að óverulegt fasvik geti orðið af mismunandi fjarlægð frá athuganda til staða á tvíþólnum, hvernig sem honum er snúið, er ávinningurinn 1,5 eða 1,76 dB. Hér er

gert ráð fyrir 100% nýtni.

Ávinningur mældur

Með fyrirkomulagi leiðara í loftneti og fæðingu þeirra er hægt draga sem mest úr útgeilsun í óþarfar stefnur og nota aflið í staðinn í æskilega stefnu. Þetta er lykillinn að ávinningi. Hversu vel tekst til má finna með því að mæla útgeislaðan sviðsstyrk í bestu stefnu og bera saman við reiknaðan sviðsstyrk frá ísótróp. Ef mælingin á að vera marktæk fyrir hönnun loftnetsins sjálfs, verður að útiloka óviðkomandi áhrif. Geislar sem speglast af nærliggjandi hlutum og flötum eru helsta vandamálið. Þeir koma að móttökuloftnetinu og bætast við beina geislann sem ætlunin er að mæla.

Augljóslega er best að vera á opnu svæði, svo endurkast af húsum og öðrum mannvirkjum verði hlutfallslega dauft miðað við beina geislann. Einn er þó sá flötur sem fæstir hafa tök á að koma sér í burtu frá, það er yfirborð jarðar. Ýmsar aðferðir eru notaðar til að draga úr eða tvístra endurkastinu, eða leiðrétta fyrir því ella. Stundum hefur mátt rekja lygilegan uppgefninn ávinning til óviljandi eða viljandi óvandvirkni í þessum efnum.

Speglun af jörð

Alleiðandi rennislétt jörð speglar með 100% nýtni. Þetta er nákvæmlega það sama og gerist með rafsegulbylgjurnar sem við sjáum, ljósið, á gljáfægðum málmfleti. Athugandinn “sér” því jafnsterkan sendi-straum í spegilmynd loftnetsins og hann sér beint. Hlutfallslega er lítill munur á fjarlægðinni sem geislarnir fara, og reyndar enginn þegar gætt er þeirrar hefðar að miða stefnuvirkni við athuganda í órafjarska. Þá eru beini og speglaði geislarnir jafnsterkir. Engu að síður getur munurinn á fjarlægð, merktur Δ á mynd, verið marktækur m.v.

bylgjulengd. Ef hann er heilt margfeldi af bylgjulengdum veldur hann engu fasviki, en mótfasa ef hann er hálfbylgja eða odda-margfeldi þar af. Til viðbótar þarf að hafa í huga þá reglu að speglunin sjálf vendir fasanum á lárétt skautuðu rafsviði, en hefur engin áhrif á fasann á lóðrétt skautuðu.

er breytt uns merkið er í hámarki. Gerum ráð fyrir 100% speglun af jörð. Hvað vinnst með þessu um fram beina sendingu á milli tveggja ísótropa? Ekki er gert ráð fyrir neinni speglun þegar ísótroparnir eru notaðir, því hún myndi eyðileggja skortinn á stefnuvirkni sem er lagður til grundvallar.

Því er ljóst að speglun frá alleiðandi jörð getur tvöfaldað sviðsstyrkinn þegar geislarnir koma samfasa, en fært hann í núll þegar þeir eru mótfasa. Þetta þýðir allt að fjórföldun í móttæknunni afli eða 6 dB viðbót, því rafsviðið (V/m) gegnir svipuðu hlutverki í rúminu og spennan (V) í rafrás.

Ef við notum dB er dæmið þannig:

ávinningur sendilofnats	10 dB
viðbót vegna speglunar af jörð	6 dB
ávinningur móttökulofnats	10 dB
<hr/>	
samtals	26 dB


Dæmi

Gerum ráð fyrir að tvö eins Yagi loftnet séu notuð til að hafa samband um nokkurn veg á 2 m bylgjulengd eins og 1. mynd sýnir. Loftnetin eru alveg eins, hvort um sig með 10 dB ávinning umfram ísótrop eða 10 dBi. Bæði loftnetin eru í góðri hæð m.v. bylgjulengd og hæð móttökulofnats

Vitandi að svo vill til að 10 dB samsvara hlutfallinu 10 í afli, getum við reiknað hlutfallslegan ávinning: $10 \times 410 = 400$.

Ávinningur í EZNEC

Dæmið hér að ofan sýnir sígilda notkun á ávinningi loftneta. EZNEC og önnur hermunarforrit taka dálítið annan pól í



1. mynd Sending milli tveggja loftneta með speglun af jörð.

hæðina. Þau taka endurkastið af jörðinni með í ávinningstöluna! EZNEC myndi þannig gefa upp ávinninginn 16 dB fyrir loftnetin í dæminu að ofan. Er þetta rangt? Það er í besta falli smekksatriði. Ef ætlunin er að finna sviðsstyrkinn í tiltekinni fjarlægð er það gagnlegt, maður reiknar bara sviðsstyrkinn frá ísótróp í tómarúmi og breytir honum sem nemur ávinningi að meðtalinni speglun.

Ef við hins vegar ætlum að reikna mótt ekið merki með venjulegri aðferð er mikil hætta á ferðum. Af svo kallaðri gagnkvæmnisreglu leiðir að breyting á loftneti sem bætir sendingu í tiltekna stefnu bætir móttöku úr sömu stefnu jafn mikið. Því hefur sú gamalgróna regla verið í heiðri höfð, í heila öld skyldi ég ætla, að reikna með sama ávinningi í móttöku og sendingu. Þá myndum við reikna dæmið að ofan þannig:

ávinningur sendiloftnets	16 dB
ávinningur móttökuloftnets	16 dB
_____	_____
samtals	32 dB

eða hlutfallslega 1600 sinnum í afli. Hér er ofreiknað um hlutfallið 4 eða 6 dB!

Ég er viss um að lesandinn sér strax í hverju þetta liggur. Speglnin af jörðinni er notuð tvisvar, sem er augljóslega rangt með hliðsjón af 1. mynd.


Ávinningur gefinn upp með þessum hætti er ekki eiginleiki loftnetsins eins og sér, heldur loftnetsins og kringumstæðna.

Vertikal

2. mynd sýnir vertikal á alleiðandi jörð. Athugandi “sér” straum í sérhverjum stað sendiloftnets tvisvar, beint og í spegilmynd. Sviðsstyrkur hjá honum stafar því af samlegð beins geisla og speglaðs, rétt eins og í dæminu hér að ofan. Ef hæð athugandans er færð niður að yfirborði jarðar fara báðir geislarnir jafnlanga leið. Speglnin breytir ekki fasanum því bylgjan er lóðrétt skautuð, svo út með yfirborði jarðar eru beini geislinn og speglaði geislinn samfasa. Samlagning þeirra gefur því tvöföldun, eða 6 dB. Vertikal upp frá jörð er því ekkert annað en sértílfelli af loftneti yfir jörð eins og áður var lýst.

Hreinn ávinningur

Af dæminu að ofan er ljóst að draga þarf 6 dB frá ávinningi sem inniheldur speglun af alleiðandi jörð til að finna hreinan ávinning



Heimsókn til AF7Y í ágúst 2005

Andrés Þórarinnsson TF3AM



TF3AM

Í sumar sem leið, þá prófaði ég nokkrum sinnum að vakna kl 2 að morgni og reyna við DX, þetta gekk ágætlega og best á 20m. Eitt sambandið var við AF7Y í Dennis í Salt Lake City, mjög skýrt og gott og fór vel á með okkur.

Nokkrum dögum seinna fékk ég QSL kortið hans í pósti og svaraði um hæl og nefndi að ég yrði í SLC þá um haustið. Dennis sendi mér þá tölvupóst og bauð mér heim að hitta sig og félagana sína í DX klúbbnum.

Og það varð úr, í ágúst átti ég leið um og hittu Dennis á heimili hans, hann hafði nokkurn viðbúnað og hafði boðið félögum sínum úr DX klúbbnum (www.udxa.org). Dennis býr í einbýlishúsi og lóðin leynir nokkuð á sér því aftantil er 30m2 radióhús

þar sem sjakkurinn er og önnur þægindi. Enginn óþarfi er inni í sjakknum og það skýrist af því að á lóðinni er auk þess stór bílskúr svo og nokkurs konar hlaða, sem sem aukabúnaður er lagður til hvílu. Aðalstöðin er Yeasu og auk þess Icom 756 í prófun, og aflið kemur frá Alpha magnara. Nokkru frá er upptrekkur turn með 3ja elementa Steppir og svo er afar merkilegt rormastur upp við íbúðarhúsið. Þegar ýtt er á takka, þá ýtist mastrið upp og í liðlega 20m hæð, og um leið lyftist vírinn upp sem legið hafði á jörðu, þetta er 160/80m dípóllinn sem fæddur er með 450ohm fæðilínu. Ég komst ekki hjá því að reka augun í það að mastrið var óstagað, þarna blæs ekki mikið. Vegna eldingahættu er mastrið niðri og með öllu ótengt þegar það er ekki í notkun.

Dennis og félagar hafa farið nokkra frækna DX leiðangra, m.a. til Spratleyju í mars

Framhald á bls. 15

TF3AM í sjakknum hjá AF7Y



Gömul kærasta

Niels J. Kristjánsson TF3NJ/VA6NJ



TF3NJ/VA6NJ

Ef ég man rétt hefur þetta sennilega verið kringum sumarið 1973 sem ég varð svona yfir mig hrifinn var líðanin svipuð og þegar ungur maður er ásfanginn í fyrsta sinn.

Þegar maður slítur barnsskónim í litlu þorpi úti á landi á seinnihluta síðustu aldar þá þarf nú kannski ekki rosalega merkilega hluti til þess að maður fái nánast andateppu af hrifningu.

Þetta sumar man ég að var mikil sala á stereogræjum og var rafmagnsverkstæði þorpsins með umboð fyrir Kenwood sem mig mynnir að Fálkinn hafi flutt inn. Af einhverjum ásaðum, sem mér eru ekki fyllilega ljósar enn þann dag í dag, slæddist stuttbylgju móttakari með einni sendingunni og stóð þarna í sólbjörtum búðarglugganum og beidd eftir því að ég ræki augun í hann. Þetta var Kenwood Communications Receiver QR666 og ég stóð lamaður af hrifningu og hreinlega varð ofar öllu að eignast hann.

Öll mín stuttbylgju hlustun fram á þann dag hafði verið á Nordmende lampatækið í stofunni þar sem var oft ekki friður til þess að stunda stuttbylgjuhlustun og hafði ég eins



oft óskað þess að það hefði betri valhæfni. Ég hreinlega varð að eignast tækið og var fyrsta skrefið að æða inn í búðina og kreista út út sölumanninum hátiðlegt loforð um það að selja ekki neinum nema mér þetta tæki.

Síðan var farið á stúfana að skrapa og betla fyrir útborguninni síðan skrifað upp á marga stafla af víxlum (ef þú lesandi góður mannst ekki eftir víxlum ertu ekki nógu gamall) og gaf skít í öll fyrri framtíðar plön og fyrirheit hafi þau verið einhver þetta sumarið.

Nú tók við gullöld í stuttbylgju hlustun og var legið yfir tækinu jafnt daga sem nætur. Fljótlega rak ég augun í upplýsingar um 500kHz "marker generator" til að kvarða tíðni útlesturinn. Aukið var við víxla staflann og þetta pantað með hraði. Að sjálfsgöðu var haldin hlustunar dagbók og allt fært inn af mikilli nákvæmni og sent eftir QSL kortum allstaðar að úr heiminum.

Þessi móttakari var með tvo skala fyrir tíðni útlestur og var neðri skalinn finni skali (band spread) fyrir nákvæmnari stillingar og þegar á leið pantaði ég nýjan neðri skala fyrir amatør tíðnirnar. Móttakarinn var



mikið notaður og voru vinirnir farnir að kvarta undan þessu og farið að efast um að “radíó maðurinn” gengi á öllum þegar ekki var hægt að draga hann á sveitaball með loforði um víf og vín. Sannleikurinn var nú sá að þangað til víxla skafinn hjaðnaði eitthvað var lítill aur aflögu til að spandera á svoleiðis skemmtan.

Eftir mörg ár og enn fleiri búferlaflutninga endaði svo Kenwoodinn niðri í geymslu hjá ættingja þar sem hann var árum saman og það var svo síðasta sumar að ég var á ferð um landið og það skapaðist smá pláss í einni ferðatöskunni að mér datt í hug að taka tækið með mér í útleigðina og gerði það.

Þegar kveikt var á tækinu kom í ljós að það var skakkt á tíðninni og miklir

skrudningar í öllum stillum og rofum. Leiðbeiningarnar vantaði en það hafði ekki unnist tími til að leita að þeim en þar var lýst hvernig ætti að gera við og stilla græjuna.

Ég fór á netið og hóf leit en fann ekki neitt sem gæti hjálpað, alla vega án þess að borga formúgu og í huganum sveimaði mynningin um alla víxlana á nýjan leik. Ég vissi að Kenwood hafði framleitt móttakara sem hafði nánast sama kramið og var kallaður R-300.

Ég fann náunga á eBay sem er radíó amatör og hafði verið að kaupa viðgerðarbókina fyrir R-300 og sendi ég honum rafpóst, hann brást hinn besti við og skannaði allar blaðsíðurnar sem mig vantaði ásamt teikningunni og sendi mér á rafpósti. Ég eyddi heilum degi í að hreinsa alla rofa og stilli og síðan var farið í saumana á tækinu og er það nú eins og nýtt. Ég notaði tækið til að hlusta á stuttbylgjuna í bílskúrnum í allt haust en þegar fór að verða kalt í veðri (skúrinn er ekki upphitaður) var gamla kærastan tekinn inn og sómir sér nú vel í “sjakknum” og oft er það eina tækið sem er í gangi langi mig til þess að hlusta á stuttbylgjuna. Kannski ég sendi eftir QSL korti og þá get ég sett í reitinn á hlustunarskýrslunni merktan viðtæki: Kenwood QR666 gamla kærastan mín.

73 de Níels J. Kristjánsson TF3NJ (VA6NJ)



**Gleymdir þú
nokkuð að borga
félagsgjöldin.
Jæja gerðir þú það.
Hafðu þá samband
við gjaldkera**

CobWebb loftnet

Jón Gunnar Harðarson TF3PPN

Ég er einn af nýliðum frá því í vor, ég fékk amatørleyfið mitt í

maí 2005. Vill ég byrja á að þakka fyrir góðar móttökur á nýliðum í félagið.

Ég ákvað að skrifa þessar línur vegna áskorana, um loftnet sem ég var að smíða, Cobwebb 5 banda 14-18-21-24 og 28 Mhz.

Ég var búinn að leita á netinu að einhverju sem hentaði mér og fann þá þetta net, ég sendi Yngva TF3YH (hann er með svona net) tölvupóst og fékk að vita að honum líkaði vel við það, ég nennti ekki að fara að smíða net sem væri svo ekki gott. Ég var búinn að finna smíðateikningu á netinu <http://www.g6pje.fsnet.co.uk/CB1.pdf> sem mér leist vel á.

Það átti að vera fíber í örmunum á netinu, en fíber fann ég ekki hér á landi sem ég gat sætt mig við svo ég ákvað að nota kútsköft sem ég fúavarði.

Ég byrjaði að smíða kross úr álrörum sem festur var á álplötu og sköftunum stungið innan í rörin.

Notað var tengibox frá Reykjafelli og hátalara vír.

Smíðin tók nokkra klukkutíma og svólíttinn tíma að stilla það.

Nú er ég búinn að nota netið í nokkrar vikur og líkar vel, það er nánast eingin standbylgja á neinni tíðni netsins, mjög lítið suð.

Meðfylgjandi eru nokkrar myndir og efnislisti.

2 stk Ál plötur ca 12cm X 20cm þykkt 5-6mm

2 stk Ál rör. 80cm 24mm innanmál

1 stk. Ál rör 40cm 24mm innanmál

8 stk. Röraklemmur passandi utan um álrörin

4 stk. 180 cm löng Kútsköft

1 stk. 140 cm langt Kútskaft

tengibox 10cm X 15cm hæð 5cm


2 stk. tengibretti fyrir 10 víra

12

50 metra af hátalaravír 1,5q

Slatti af skrúfum og smáefni

TF3PPN Jón Gunnar Harðarson



31/12/2005
CQ TF febrúar 2006

CQWW CW Þátttaka frá TF4M

Kristinn Andersen TF3KX



TF3KX

Af þeim fjölmörgu keppnisviðburðum sem fara fram meðal radíóamatöra árið um kring er CQ WW, keppnin líklega sú sem einna mest kveður að. Mors hluti keppninnar (CW) árið 2005 fór fram

26 27. nóvember sl. Nokkru fyrir keppnina kom fram áhugi á að taka myndarlega þátt í keppninni frá TF4M í Otradal, þar sem Þorvaldur hafði boðið afnot af stöð sinni og þeirri einstöku aðstöðu sem hann hefur byggt þar upp.

Nokkrir áhugamenn um mors-þátttöku voru í sambandi vikurnar fyrir keppnina til þess að taka þátt í flokknum “multi-operator/2-transmitter (M/2)”. Nokkrir úr upphaflega hópnum urðu að hætta við þátttöku þegar nær dró, en að lokum samanstóð hópurinn af TF3DC (Óskari), TF3KX (Kidda), TF3UA (Sæma) og TF3YH (Yngva), ásamt gestgjafanum TF4M (Þorvaldi) og N1RR (Charlie/Chas), sem tók boði Þorvaldar um þátttöku og flaug hingað gagngert til að leggja okkur lið.

Snemma á þriðjudagsmorgni fyrir keppnina lenti Charlie á Keflavíkurflugvelli og hélt svo nær viðstöðulaust áfram með flugi til Bíldudals. Við áttum þess kost að spjalla stuttlega við hann yfir kaffibolla á Reykjavíkurflugvelli, en hann hafði verið í tölvupóstsambandi við hópinn vikurnar áður og tekið þannig þátt í undirbúningnum. Strax fór vel á með okkur og ljóst var að reynsla hans og þátttaka yrði hópnum mikill styrkur.

Mætt í Otradal

Við Íslendingarnir flugum til Bíldudals á föstudagsmorgni og þegar flugmennirnir heyrðu hvert erindi okkar var tóku þeir CQ TF febrúar 2006

sveig fyrir landingu til að gefa okkur gott sjónarhorn á loftnetamannvirki Þorvaldar sem teygja sig yfir dalinn. Í Otradal tók Þorvaldur á móti okkur og við köstuðum kveðju á Charlie, sem var orðinn heimavanur og í óða önn að prófa búnaðinn fyrir kvöldið.

Þorvaldur bauð okkur að byrja á að ganga um landareignina og skoða loftnetabúnaðinn, sem er kapituli út af fyrir sig. Gríðarstórum V loftnetum og rombum (tígullaga víralofnetum) er þannig komið fyrir í dalnum að unnt er að velja á milli útgeislunarmynstra til meginsvæða amatöra, s.s. Evrópu, N Ameríku, S Ameríku og austurhluta Asíu.

Hópurinn sneri aftur heim að bænum og gekk eftir kanti Þjóðvegjarins þegar hörmulegur atburður varð. Dráttarvél kom aðvífandi á geysihraða, ók viðstöðulaust fram úr hópnum og yfir hund Þorvaldar, Goða, sem var með í för, hélt viðstöðulaust áfram og hvarf okkur sýnum. Ekki bar á ytri áverkum á Goða, en ljóst var að hann gat lítið sem ekkert hreyft sig og bárum við hann inn í bæ. Þar varð úr að þeir Þorvaldur og Yngvi óku með Goða til Ísafjarðar þar sem næsti dýralæknir var. Í ljós kom að hryggurinn var skaddaður, hundurinn lamaður og var því ekki um annað að ræða en að aflífa hann um kvöldið. Þeir Þorvaldur og Yngvi renndu aftur í hlað rétt um miðnætti og setti þessi atburður mark sitt á okkur við upphaf keppninnar, enda var Goði náinn félagi Þorvaldar og hafði verið með honum öllum stundum.

Þorvaldur hvatti okkur að láta áföll dagsins ekki hafa áhrif á keppnina og hófum við hana því á tilsettum tíma og Þorvaldur liðsinnti okkur og hvatti ótullega milli þess sem hann sinnti eftirmálum þessa sorglega

atburðar.

Keppnin

En snúum okkur nú að keppninni. Allan tímann höfðum við tvö FT-1000MP sendi-
viðtæki með Emtron aflmögnumur, sem
við gátum starfrækt samhliða án nokkurra
vandráða, með sínu hvoru loftnetinu.

Fyrstu nóttina byrjuðum við á 40 og 80 m
og færðum okkur jafnframt niður á 160 m
öðru hvoru. Klukkan 07, þegar 20 m bandið
opnaðist, höfðum við samtals náð 450
samböndum á 40-160 m. Laugardagurinn
leið og 15 m bandið opnaðist í þrjár
klukkustundir, kl 12 15. Það var þá sem við
náðum mestum afköstum þennan dag, á 15
og 20 m, samtals 156 Q/klst. (samböndum
á klukkustund). Í lok laugardagsins voru
samböndin orðin rúmlega 1800.

Aðfaranótt sunnudagsins var talsvert unnið
á 160 m bandinu og 80 m, en skilyrðin á
efri böndum voru mun erfiðari. Með
morgninum rofaði til og þegar leið á daginn
var 15 m bandið samtals notað í 7 klst., en
hafði aðeins nýttst okkur í 3 klst. daginn
áður. Í heildina má segja að okkur hafi
gengið betur síðari daginn, þar sem okkur
tókst að halda yfir 100 Q/klst í samtals 13
tíma og um hádegið voru afköstin yfir 220
Q/klst.. Til samanburðar tókst okkur aðeins
að halda yfir 100 Q/klst. í 6 tíma daginn
áður.. Síðari daginn höfðum við samtals um
2300 sambönd og lukum þannig keppninni
með 4140 sambönd.

Við lok keppinnar voru heildarstigin
3.284.853, en skiptingin á einstök bönd var
sem hér segir:

Band	Sambönd	Svæði	Lönd
160m	501	14	64
80 m	983	21	89
40 m	1086	25	97

20 m	1102	28	95
15 m	468	16	58
10 m	0	0	0
Samt.	4140	104	403

Tíu metra bandið opnaðist aldrei hjá okkur,
en reglulega var hlustað þar. Hins vegar
náðist allgóður árangur á lægri böndunum,
einkum 160 m bandinu, og kannski betri en
við höfðum átt von á.

Lokaorð

Það er mikilvægt að draga lærdóm af hverri
keppni og greina hvað megi bæta fyrir
næsta skipti og NIRR hefur m.a. unnið
ötullega með okkur að því að greina hvað
við gerðum vel og hvar við getum bætt
okkur fyrir síðari keppnisþátttökum. Einstök
aðstaða og búnaður Þorvaldar í Otradal er
hverjum amatör hvatning þegar heim er
komið og sjálfur er ég enn að vinna úr þeim
hugmyndum sem ég fékk í heimsókninni
þangað.

Ef óhappið við upphaf helgarinnar er
undanskilið skilur CQ WW CW keppnin
2005 eftir ánægjulega minningu fyrir sakir
góðs félagsskapar, gestrisni Þorvaldar og
tækifæris til að keppa við óviðjafnanlegar
aðstæður hjá TF4M frá Íslandi.

73 – Kiddi, TF3KX

**Gjaldkeri
minnir á
félagsgjöldin**

Fundagerðir stjórnafunda frh.

HP hóf umræður á því hvort ekki væri athugandi að fá Hrafinkel TF3HR til að kynna NEC-forritið, sem er notað til að gera sér grein fyrir útgeislun og nýtni loftneta við hinar ýmsu aðstæður. Fundarmönnum leist vel á hugmyndina en engin dagsetning var þó ákveðin í bili.

Stöðvarstjóri, SNN, sagði að afar léleg mæting hefði verið í þríf á félagsheimilinu og síðast hefði hann gert þetta einn. Auglýsingar um þriffin á rabbinu gefi enga svörun. Venjulega hafi þetta lent á einhverjum úr stjórninni að sinna þessu. Ekki er með fullri vissu hægt að segja til um þríf annara sem nýta húsnæðið með okkur en óhreinindin eru alveg ótrúleg á okkar þrífadögum.

AO sýndi P38 RTTY kort í tölvu, sem han fékk að láni hjá Þorvaldi TF4M, þegar hann og GB tóku þátt í CQWW RTTY keppninni frá QTH-i Þorvaldar Þar var einnig notað forritið WriteLog til að logga keppnina og lagði AO til að það forrit yrði keypt fyrir klúbbsstöðina. Var það samþykkt.

Þá voru ýmis atriði varðandi uppsetningu á VHF/UHF búnaði til umræðu, m.a. kaup á coaxköplum og frágangur á inntaki þeirra í húsið. Einig var rætt um turn er félagið gæti fengið til uppsetningar á fleiri loft- netum. Ákveðið var að skoða það nánar.

Námskeiðsmál voru einnig til umræðu án þess að ályktað væri sérstaklega um þau en Jón Þóroddur, TF3JA, hefur boðist til að stýra þeim málum.

Að lokum var kynnt tillaga Kristjáns, TF3KB, á NRAU þinginu um að ÍRA yrði fullgildur meðlimur og héldi þing NRAU þegar að því kæmi. Var gerður góður rómur að því. Þessu næst var fundi slitið.

Ritari Bjarni Sverrisson, TF3GB

Heimsókn til AF7Y frh.

2001 sem 9M0M (sjá www.w9az.com). Þetta var hin ánægjulegasta stund og leið fljótt enda heimamenn afar þægilegir og spjallgóðir og ekki spillti fyrir hlýhugur til Íslendinga. Ég skildi eftir félagsfána IRA, Íslandskort þar sem helstu snillingar eins og Tf4M voru merktir inn og ljósmynd af undirrituðum við að reisa lóðrétta dípólinn fyrir IARU keppina sl sumar. Hver veit nema Dennis mæti hér einn góðan veðudag.

73 de Andrés TF3AM

Móttakan hjá AF7Y



Keppnismál

Ársæll Óskarsson TF3AO



TF3AO

Þetta skiptið ber hæst þátttaka nokkurra félaga okkar þ.e.a.s. TF4M, TF3YH, TF3UA TF3KX, TF3DC auk N1RR sem tóku þátt í CQ WW CW keppninni í lok nóvember undir kallmerki Þorvaldar, TF4M.

Náðu þeir félagar frábærum árangri með 4140 sambönd, 104 svæði og 430 lönd. Sérstaklega var eftirtektarverður árangur þeirra á 160m og 80m, þar sem þeir höfðu 64 lönd á 160m og 89 lönd á 80m. Stigin í keppninni urðu 3.284.853.

Hafa þeir sagt mér félagarnir að N1RR hafi komið með ýmsar nýjar hugmyndir varðandi þátttökuna svo sem að skoða eldri logga til að geta staðfært hvenær skyldi vera á hverju bandi osfrv.

Töldu þeir að til bóta hafi verið að fá Charlie í hópinn, hann hafi breytt talsvert hugsanagangi varðandi hvernig ætti að bera sig að til að ná sem bestum árangri.

Frá Kidda, TF3KX, fékk ég smá línu um þátttöku hans í keppnum. Hann tók þátt í Makrothen RTTY keppninni í október og hafði 281 samband á um 10 tímum. Í þessari keppni er skipst á upplýsingum um reiti (locators) og fást flest stigin fyrir þær stöðvar sem eru í mestri fjarlægð.

Í desember tók KX þátt í Stew Perry

CW keppninni sem fer eingöngu fram á 160m. Þar er eins og í Makrothen RTTY skipst á upplýsingum um reiti og stig reiknuð út frá því. Kiddi hafði 67 sambönd og þóttist bara nokkuð góður þar sem lofnetið var “aðeins” 12metra há stöng. Lengsta sambandið í þessari keppni var til Aruba.

Þá tók KX eins og undirritaður þátt í SARTG Nýárs keppninni sem fer fram að morgni 1. dags á nýju ári frá kl. 8-11 og aðeins á 40m og 80m á RTTY. Ég landaði einhverjum 10 samböndum, enda vaknaði ég frekar seint, en Kiddi hafði nálægt 30 samböndum.

Þá hafði KX einnig tekið þátt í ARRL RTTY Roundup keppninni nú í janúar og var með 279 sambönd og 23.436 stig.

Nokkrar góðar opnanir voru til VK (Ástralíu) á sunnudeginum í þessari keppi og get ég sjálfur tekið undir það en ég hafði í þessari keppni 149 sambönd, en mín þátttaka var heldur slitrótt.

Frá Bjarna, TF3GB, fékk ég niðurstöðu um hans þátttöku í CQ WW CW keppninni. Bjarni hafði 510 sambönd á sín 100W og vertikal á 20m og “inverted V” á 40m og 80m. Stig GB urðu rúmlega 202.000.

Takk fyrir lesturinn.

73 de TF3AO